

Háskólabíó frumsýnir í dag myndina „Upp á líf og dauða“.

Háskólabíó frumsýnir „Upp á líf og dauða“

HÁSKÓLABÍÓ hefur tekið til sýninga myndina „Upp á líf og dauða“. Með aðalhlutverk fara Lance Henriksen og Mark Rolston. Leikstjóri er Don Coscarelli.

Það er nauðsynlegt að reyna krafta sína við óbeislud náttúruöflin og til þess að þola álagið sem borgarlífið krefst. Í „Upp á líf og dauða“

Leiðrétting

HÖFUNDUR greinarinnar „Frammistöðumat og starfsmat“, sm birtist í blaðinu í gær, er Þóroddur S. Óskarsson, ekki Ólafsson eins og misritaðist.

Þíðst blaðið velvirðingar á þeim mistökum.

leita sex einstaklingar að innri styrk og sækja námskeið í óbygðaskóla Hank Chambers, sem hlotið hefur viðurnefnið „Járnmaðurinn“ í skóginum.

Nemendurnir eru; Ben, miðaldra stjórnandi, sem nýlega hefur misst vinnuna, Cheryl sem er nýskilin, Olivia er ung og falleg stúlka á leið í hjónabandið, en óviss um sjálfa sig, Gary, ungur götupiltur sem settur er á námskeiðið af yfirvöldunum, Jeff, monthani sem vill prófa sjálfan sig og svo Joey, ungur maður með vanmáttarkennnd, sem hann breiðir yfir með skrytjum og gaman málum.

Þegar hópurinn kemur út úr flugvélinni bíða hans verkefni og þrautir sem Hank krefst að leystar séu tafarlaust.

Þórscafé: Danshöllin opnar um helgina

AÐ UNÐANFÖRNU hefur verið unnið að undirbúningi ýmissa breytinga á skemmtistöðunum, Þórscafé, Norðurljósum og Vetrarbrautinni. Samheiti staðanna er „Danshöllin“, sem opnar í fyrsta sinn um helgina undir nýju nafni.

Í Danshöllinni getur fólk valið á milli ólíkra skemmti- og veitingastaða á fjórum hæðum. Einn aðgöngumiði gildir nú á alla staðina.

Um helgina verður opnað með landsþekktum hljómsveitum, Rokksveit Rúnars Júlíussonar, Mannakornum Pálma Gunnarssonar og Magnúsar Eiríkssonar, auk hljómsveitar Stefáns P. og hljómsveitarinnar Gauta frá Siglufirði.

Á föstudagskvöld klukkan 20 verður húsið opnað með hanastéli. Í vetur verða endurvakin svokölluð „stórshow“ með dansi, tónlist og söng.

Gunnar Þórðarson hefur verið ráðinn tónlistarstjóri Danhallarinnar og mun hann hafa uppsetningu sýninganna á sinni hendi. (Úr fréttatilkynningu)

Brávallagatan í Óperunni

SÝNINGAR á gamanleik Grínidjunnar „Brávallagatan-Arnarnesið“ hefst að nýju í Íslensku Óperunni, Gamla bíói, í dag, föstudaginn 15. september, og á morgun, laugardaginn 16. september.


„Brávallagatan-Arnarnesið“, sem fjallar um Bibbu og Halldór, var sýnt sl. vor. Sýningarnar urðu samtals 22 og var uppselt á þær allar. Í hlutverkum hjónanna Bibbu og Halldórs eru Edda Björgvinsdóttir og Júlíus Brjánsson. Með önnur stór hlutverk fara Jóhann Sigurðsson, Lilja Guðrún Þorvaldsdóttir, Bríet Héðinsdóttir, Rúrik Haraldsson, Kjartan Bjargmundsson og Bessi Bjarnason. Höfundar gamanleiksins eru Edda Björgvinsdóttir, Júlíus Brjánsson og Gísli Rúnar Jónsson, sem jafnframt er leikstjóri. (Úr fréttatilkynningu)

Kjarvalsstaðir:

Erla Þórarinsdóttir opnar sýningu

ERLA Þórarinsdóttir opnar myndlistarsýningu á Kjarvalsstöðum í austursal, laugardaginn 16. september.

Erla lauk námi frá Konstfack-skólanum í Stokkhólmi 1981 og hefur síðan unnið og starfað að myndlist í Svíþjóð, New York og hér heima. Hún hefur haldið einkasýningar í Reykjavík, Stokkhólmi,



Eitt verka Erlu Þórarinsdóttur.

Kaupmannahöfn og New York og tekið þátt í fjölda samsýninga.

Á Kjarvalsstöðum verða til sýnis olíumyndir unnar á striga og á tré. Sýningunni lýkur sunnudaginn 1. október 1989.

Námskeið um efnispreyту

Iðntæknistofnun Íslands og endurmenntunarstjóri Háskóla Íslands halda námskeið um efnispreyту fyrir verkfræðinga og tæknifræðinga í Háskóla Íslands dagana 18.-20. september.

Kennari verður Hans Andersen tækniforstjóri við Svænsku prófunarstofnunina og prófessor við Chalmers tækniháskólann í Gautaborg. Námskeiðið verður haldið á ensku, en námsgögn verða á sænsku.

Preyта er orsök mikils hluta þess tjóns sem verður á mannvirkjum, vélbúnaði og farartækjum, segir í fréttatilkynningu frá Iðntæknistofnun. Að námskeiðinu loknu eigi nemendur að geta tekið efnispreyту með í reikninginn, segir ennfremur og að ekki sé nauðsynlegt að menn hafi reynslu á þessu sviði til að taka þátt í námskeiðinu.

Opið hús í Þjóðleikhúsinu

OPIÐ hús verður í Þjóðleikhúsinu klukkan 14 til 17 laugardaginn 16. september. Gefst almenningi kostur á að skoða leikhúsið og skyggast inn í þann heim sem er að tjaldabaki.

Allar deildir leikhússins verða opnar. Leiðsögumenn úr hópi þekkra leikara stofnunarinnar munu fara með reglulegu millibili með hópa um húsið, fræða um starf og sögu þess og svara spurningum. Þá má gera ráð fyrir óvæntum upptökum af ýmsu tagi. Hverri hóperfið lýkur í Leikhúskjallaranum þar sem boðið verður upp á ókeypis kaffi og kókveitingar.

Sala aðgangskorta að dagskrá leikhússins í vetur hófst 12. september.

Grænmetismarkaður KFUM og K


GRÆNMETIS- og flóamarkaður verður haldinn í húsi KFUM og K við Holtaveg (gegnt Langholtsskóla) á morgun, laugardaginn 16. september, og hefst klukkan 14.

Verða þar á boðstólum ýmiss konar ávextir, grænmeti og fleira. Allur ágóðinn rennur til kristni- og bótsstarfsins í Eþíópíu og Kenýu.

Þeir sem vilja gefa grænmeti eða annað matarkyns til að selja á markaðnum eru vinsamlega beðnir um að koma með það á sama stað, í dag, föstudag, klukkan 17 til 19.

Smekkleysa í Tunglinu

Smekkleysukvöld verður í Tunglinu í kvöld, föstudagskvöld. Fram koma hljómsveitirnar Bless, Risaöðlan og Ham. Einnig mun Jón Gnarr stíga á svið. Húsið verður opnað klukkan 21.



Hulda Guðrún Geirsdóttir Friðrik Vignir Stefánsson.

Tónleikar í Grundarfjarðarkirkju

NÆSTKOMANDI laugardag, 16. september, verða haldnir einsöngstónleikar í Grundarfjarðarkirkju og hefst þeir kl. 17.

Á tónleikunum mun Hulda Guðrún Geirsdóttir sópransöngkona syngja lög frá ýmsum tímum. Meðleikari hennar á pianó verður Friðrik Vignir Stefánsson organisti Grundarfjarðarkirkju.

Síðasta sýningarhelgi

Málverkasýningu Gunnars Þorleifssonar í Eden Hveragerði lýkur sunnudagskvöld 17. september. Á sýningunni eru um 25 myndir máláðar í olíu.

Tjónvaldur ók á brott

LÖGREGLAN í Hafnarfirði óskar eftir upplýsingum um atburð, sem varð um klukkan 15 á þriðjudag, þegar ekið var á kyrrstæða bifreið á stæði bak við Sparisjóðinn þar í bæ.

Eigandi bifreiðarinnar brá sér inn í Sparisjóðinn og skildi bifreið sína, nýjan, silfurgráan Daihatsu, eftir á stæðinu. Þegar hann kom út aftur hafði verið ekið í vinstri hlið bifreiðarinnar og er hurðin og frambretti skemmt. Tjónvaldur ók á brott og er hann, eða aðrir sem veitt geta upplýsingar, beðnir um að snúa sér til lögreglunnar.

Erindi um umhverfismál

Í verkfræðideild Háskóla Íslands verða á næstu vikum flutt 11 erindi um umhverfismál. Til þeirra er stofnað fyrir nemendur í deildinni, en aðgangur er öllum frjáls, eins þeim, sem ekki eru nemendur í Háskólanum. Um sjón hefur Einar B. Pálsson prófessor, og veitir hann upplýsingar.

Erindin verða flutt á mánudögum kl. 17.15 í stofu 151 í húsi verkfræðideildar, Hjarðarhaga 6. Þau eru ráðgerð svo sem hér segir:

18. september: Unnsteinn Stefánsson, prófessor í haffræði. Sjórinn sem umhverfi. 25. september: Gísli Már Gíslason prófessor í líffræði. Ýmis undirstöðuatriði í vistfræði. 2. október: Arnþór Garðarsson prófessor í líffræði. Rannsóknir á rökun lífríkis. 9. október: Dean Abrahamson prófessor, University of Minnesota. Áhrif kjarnorkuvera á umhverfið. 16. október: Jakob Björnsson verkfræðingur, orkumálastjóri. Orkumál og umhverfi. 23. október: Björn Æ. Steinarrson fiskifræðingur, Hafrannsóknastofnun. Auðlindir sjávar og nýting þeirra. 30. október: Þorleifur Einarsson prófessor í jarðfræði. Jarðrask við mannvirkjagerð. 6. nóvember: Ingvi Þorsteinsson MS, Rannsóknastofnun landbúnaðarins. Eyðing gróðurs og endurheimt landgræða. 13. nóvember: Eyþór Einarsson grasfræðingur, formaður Náttúruverndarráðs. Náttúruvernd í framkvæmd. 20. nóvember: Vilhjálmur Lúðvíksson verkfræðingur, framkvæmdastjóri Rannsóknarráðs ríkisins. Verkfræðilegar áætlanir og valkostir. 27. nóvember: Einar B. Pálsson verkfræðingur. Matsatriði, m.a. náttúrufræðingur.

Fiskverð á uppboðsmörkuðum 14. september.

FISMARKAÐUR hf. í Hafnarfirði

	Hæsta verð	Lægsta verð	Meðalverð	Magn (lestir)	Heildarverð (kr.)
Porskur	62,00	60,00	61,54	5,230	321.877
Ýsa	90,00	80,00	87,24	6,931	604.701
Ýsa(smá)	20,00	20,00	20,00	0,018	360
Ufsi	29,00	29,00	29,00	0,130	3.770
Steinbitur	61,00	61,00	61,00	3,524	214.964
Lúða	210,00	210,00	210,00	0,079	16.590
Koli	63,00	63,00	63,00	0,019	1.197
Kolaflök	140,00	130,00	135,17	0,145	19.600
Blandað	63,00	63,00	63,00	0,020	1.260
Samtals			73,58	16,097	1.184.319

Í dag verður selt óákveðið magn af blönduðum afla úr ýmsum bátum.

FAXAMARKAÐUR hf. í Reykjavík

Porskur	68,00	57,00	64,39	16,376	1.054.403
Porskur(1.-2.n)	53,00	53,00	53,00	0,243	12.879
Porskur(smár)	15,00	15,00	15,00	0,045	675
Ýsa	108,00	50,00	88,49	7,409	655.658
Karfi	45,00	29,00	32,67	0,566	18.494
Ufsi	36,00	36,00	36,00	0,978	35.208
Steinbitur	59,00	59,00	59,00	1,052	62.068
Hlýri+steinb.	61,00	59,00	59,44	0,597	35.487
Lúða(stór)	205,00	205,00	205,00	0,059	12.095
Lúða(smá)	230,00	215,00	220,33	0,045	9.915
Skarkoli	66,00	66,00	66,00	0,342	22.572
Samtals			69,26	27,712	1.919.454

Selt var meðal annars úr Freyju RE og Sturlaugi H. Böðvarssyni AK. Í dag verður selt óákveðið magn af blönduðum afla úr bátum.

FISMARKAÐUR SUÐURNESJA hf.

Porskur	68,00	48,00	60,83	4,669	284.301
Porskur(umál)	24,00	24,00	24,00	0,029	696
Ýsa	90,00	30,00	79,09	3,364	266.047
Karfi	37,00	27,00	32,55	0,990	32.205
Ufsi	18,00	15,00	17,00	0,704	12.462
Steinbitur	26,00	15,00	20,79	0,307	6.384
Langa	27,00	20,00	25,83	0,350	9.040
Lúða	255,00	45,00	197,38	0,965	190.470
Grálúða	35,00	35,00	35,00	0,038	1.330
Skarkoli	43,00	35,00	35,26	0,282	9.942
Keilla	18,00	5,00	10,28	0,408	4.196
Skata	70,00	70,00	70,00	0,300	21.000
Skötuselur	200,00	54,00	95,71	0,007	670
Rækja	80,00	80,00	80,00	0,530	42.400
Samtals			68,08	12,943	881.143

Selt var úr dagróðrabátum. Í dag verður selt óákveðið magn af blönduðum afla úr dagróðrabátum.